



Fjáraukalög 2019 - ágætar horfur fyrir árið miðað við það sem vænta mátti!

Nýr og traustari rammi ríkisfjármála

Lög um opinber fjármál hafa smám saman dregið úr hlutverki fjáraukalaga. Nú er gert ráð fyrir því að allar fyrirsjáanlegar fjárráðstafanir komi fram í fjárlögum og að fjáraukalög eigi einungis að snúa að útgjaldatílefnum sem voru ófyrirséð við afgreiðslu fjárlaga en þurfi að greiða á árinu. Í dag taka fjáraukalög því einungis til óhjákvæmilegra útgjalda af þessum toga. Þar má m.a. nefna áhrif nýrra kjarasamninga og áhrif nýrrar löggjafar eða dóma á árinu sem ekki er unnt að bregðast við með öðrum hætti. Ekki er hægt að beita fjáraukalögum til þess að mæta útgjöldum til nýrra verkefna, aukinna útgjalda við starfsemi eða rekstrarhalla einstakra málefna sviða og málaflokka. Nú ber að vísa slíkum tillögum um breytingar á fjárheimildum til umfjöllunar um fjárlög næsta fjárhagsárs.


Versnandi horfur í efnahagsmálum

Samkvæmt fjárlögum árisins 2019 var heildarjöfnuður ríkissjóðs 28,6 ma.kr. Afkomuhorfur ársins versnuðu töluvert í upphafi ársins í takt við neikvæð tíðindi í efnahagsmálum. Þar má nefna loðnubrest, áföll í flugrekstri og fækkun ferðamanna. Þetta varð til þess að gildandi fjármálastefna var endurskoðuð sl. vor sem aftur hafði áhrif á fjármálaáætlun fyrir árin 2020–2024.

Um það leyti sem fjárlagafrumvarp fyrir árið 2020 var lagt fram var reiknað með að halli yrði á rekstri ríkissjóðs um 8,8 ma.kr. á árinu 2019. Þessar horfur um afkomu hafa nú verið endurmetnar í ljósi nýrra upplýsinga, t.d. úr nýrri þjóðhagsspá Hagstofu Íslands. Nú er gert ráð fyrir að afkoma ríkissjóðs verði lakari á árinu og verði neikvæð um 14,8 ma.kr.


Breytingin frá fjárlögum ársins þar til nú er því úr 28,6 ma.kr. afgangi niður í 14,8 ma.kr. halla. Breytingin niður á við nemur rúmum 43 mö.kr. Breytingin á heildarjöfnuði fer úr +1% af landsframleiðslu niður í -0,5% af landsframleiðslu. Í fyrra var niðurstaða fjáraukalaga einnig neikvæð, þá

Ferill tekjujafnaðar ríkissjóðs



Heimild: Fjársýsla ríkisins, Fjármála- og efnahagsráðuneytið

Afkoma ríkissjóðs skv. fjárlögum 2019 og breytingar síðan



Heimild: Frumvarp til fjáraukalaga 2019



upp á rúma 26 ma.kr., þannig að áhrif fjárukalaganna á niðurstöðu ríkissjóðs eru enn töluverð þrátt fyrir að þau megi nota í færri tilefnum en áður var.

Tekjur lækka

Sé miðað við stöðuna frá því í sumar er meginskýring lakari afkomu nú mun lægri tekjur en voru áætlaðar þá. Heildartekjur ársins 2019 eru nú áætlaðar 862,2 ma.kr., sem eru 29,6% af VLF. Lækkunin frá fjárlögum ársins 2019 nemur tæplega 30 mö.kr.

Þar af lækka skattar og tryggingagjöld um tæplega 22 ma.kr. frá fjárlögum. T.d. lækkar fjármagnstekjuskattur um 6,2 ma.kr. og tekjuskattur lögaðila um 5,5 ma.kr. Þrátt fyrir áföllin í efnahagslífinu er gert ráð fyrir að tekjuskattur einstaklinga verði 1,1 ma.kr. hærri en gert var ráð fyrir í fjárlögum. Reiknað er með að virðisaukaskattur og aðrir óbeinir skattar lækki um 8,3 ma.kr. frá fjárlögum. Sú breyting helst í hendur við fækkun ferðamanna og minni vöxt einkaneyslu en reiknað var með. Hagstofan áætlar nú að einkaneysla hækki um 1,8% á árinu í stað 3,6% líkt og reiknað var með í upphafi ársins.

Tekjur af arði frá fyrirtækjum í eigu ríkisins lækka um 5,6 ma.kr., aðallega vegna þess að arðgreiðslur fjármálafyrirtækja verða 7,1 ma.kr. lægri en reiknað var með. Arður frá Landsvirkjun verður hins vegar 1,5 ma.kr. meiri.


Útgjaldahliðin fylgir hagkerfinu

Sé litið á útgjaldahliðina hækka framlög vegna vinnumála og atvinnuleysis um 7,6 ma.kr. vegna aukins atvinnuleysis og aukins kostnaðar Ábyrgðasjóðs launa. Framlög til málefna aldraðra hækka einnig um 5,4 ma.kr. vegna dóms um ólögmetra skerðingu ríkissjóðs. Framlag til sérhæfðrar sjúkráhusþjónustu er aukið um 2,5 ma.kr. sem lækkar rekstarvanda Landspítalans í 4 ma.kr.

Áætlun um vaxtagjöld ríkissjóðs eru lækkuð um 1.000 m.kr. frá fjárlögum, aðallega vegna lægra vaxtastigs og verðbólgu.


Að teknu tilliti til lækkunar vaxtagjalda er áætlað að heildarútgjöld ríkissjóðs á þjóðhagsgrunni nemi um

Helstu breytingar tekjuliða í fjárukafrumvarpi 2019




Heimild: Frumvarp til fjárukalaga 2019

Mestur útgjaldauki í fjárukafrumvarpi 2019



Heimild: Frumvarp til fjárukalaga 2019

Fjárlög og frumvarp til fjárukalaga 2019



Heimild: Frumvarp til fjárukalaga 2019



877 mö.kr. á árinu og verði um 13,6 mö.kr. hærri en áætlun fjárlaga.

Betra en mátti búast við?

Stjórnvöld tóku strax ákvörðun um það sl. vetur að slaka á kröfum um afkomu ríkissjóðs á árinu. Í framhaldi af því var fjármálastefnu hins opinbera breytt og sama má segja um fjármálaáætlun. Í nýju áliti sendinefndar Alþjóðagjaldeyrissjóðsins kemur fram að slökun í aðhaldi ríkisfjármála hafi átt þátt í því að það tókst að draga úr niðursveiflu í hagkerfinu og milda áhrif þeirra áfalla sem það varð fyrir sl. vetur. Það eru jákvæð orð í garð ríkissjóðs, en spurningin er hvort ekki þurfi að halda áfram á sömu braut hvað ríkisfjármálin og opinberar fjárfestingar á næsta ári varðar.

Innihald og form skjals þessa er unnið af starfsmönnum Hagfræðideildar Landsbankans hf. (hagfraedideild@landsbankinn.is) og byggist á aðgengilegum opinberum upplýsingum á þeim tíma sem greiningin var unnin. Mat á þeim upplýsingum endurspeglar skoðanir starfsmanna Hagfræðideildar Landsbankans á þeim degi þegar greiningin er dagsett, en þær geta breyst án fyrirvara.

Landsbankinn hf. og starfsfólk hans taka ekki ábyrgð á viðskiptum sem byggð eru á þeim upplýsingum og skoðunum sem hér eru settar fram, enda eru þær ekki veittar sem persónuleg ráðgjöf fyrir einstök viðskipti.

Bent skal á að Landsbankinn hf. getur á hverjum tíma haft beinna eða óbeinna hagsmuna að gæta, ýmist sjálfur, dótturfélög hans eða fyrir hönd viðskiptamanna, s.s. sem fjárfestir, lánardrottinn eða þjónustuaðili. Greiningar eru engu að síður unnar sjálfstætt af Hagfræðideild Landsbankans og innan Landsbankans eru í gildi reglur um aðskilnað starfssviða sem eru aðgengilegar á vef bankans.